

**Ed.**

**248. Breytingartillögur**

**[34. mál]**

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973 og nr. 21/1975.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. 6. gr. hljóði svo:

12. gr. laganna orðist svo:

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Þegar sjóðfélagi hefur náð því, að samanlagður lífaldur og þjónustualdur sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélaginn, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, en þó ekki meir en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð.

Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert starfsár frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér eigi þessa heimild áður en hann nær 64 ára aldri, skal um iðgjaldagreiðslur hans og lífeyri fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri.

Sjóðfélagi, sem nýtur réttar samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 23/1963, 12. gr., 2. málgr., sbr. lög nr. 101/1943, 12. gr., og lög nr. 11/1959, 1. gr., 2. málgr., getur valið ef hann kys svo, að neyta þess réttar skv. næstu málgr. hér á eftir fremur en réttar þess, sem um ræðir hér að framan.

Þeir, sem gerðust sjóðfélagar áður en lög nr. 32 14. maí 1955 tóku gildi, halda rétti þeim, er lög nr. 101 30. des. 1943, 12. gr., veittu þeim til að krefjast greiðslu ellilífeyris úr sjóðnum, er samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, enda hafi þeir fullnægt þeim skilyrðum sem þeirri reglu fylgdu samkvæmt eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðinn uns greindu tímamarki er náð.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim og persónuuppbót skv. kjarasamningum, er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og er 2% fyrir hvert ár sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins. Fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri, bætist við 1% af launum en 2% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

Hafi sjóðfélagi gegnt herra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti 10 ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti 10 ár, ella skal miða við það herra launaða starf sem hann að viðbættum enn herra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á lífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð tryggingayfirlæknis um heilsufar.

Á meðan starfsmaður gegnir áfram starfi, eftir að hann hefur verið frá því leystur, eða hann fær af öðrum ástæðum áfram greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, á hann ekki jafnframt rétt til lífeyris.

2. 9. gr. frv. breytist þannig að 7. mgr. 12. gr. a orðist svo:

Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

3. Ný grein er verði 10. gr. frv.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir, í samráði við landlækni, metur örorkuna meiri en 10%, enda hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a. m. k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum. Örorkumat tryggingayfirlæknis skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanfögnu.

4. Ný grein er verði 11. gr. frv.

2. mgr. 14. gr. laganna hljóði svo:

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim og persónuuppbót skv. kjarasamningi, sem á hverjum tíma fylgja starfi því er hinn látni gegndi síðast. Ef starfstími sjóðfélagans hefur verið 32 ár eða skemmri, er hundraðshluti þessi 20% af greiddum launum að viðbættum 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár. Fyrir hvert ár, sem hinn látni hafði starfað eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, en áður en hann öðlaðist rétt til ellilífeyris, hækkar makalífeyririnn um ½% af launum, en um 1% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu var lokið og hann öðlaðist rétt til að taka ellilífeyri.

5. 10. gr. frv. verði 12. gr. og taki svofelldum breytingum:

Orðin „sambýlismanni“ og „sambýliskonu“ í 2. másl. verði: sambúðarmanni og sambúðarkonu.

6. Ný grein er verði 13. gr. frv.:

Í stað fjögurra fyrstu másl. 17. gr. laganna komi:

Nú lætur sjóðfélagi í lífanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum, og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris.

7. 11. gr. frv. verði 14. gr. og hljóði svo:

25. gr. laganna orðist svo:

Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna, sbr. 12., 13. og 14. gr., og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir aðilar, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þá hækkun, er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.

Lífeyrissjóðurinn skal ávaxta a. m. k. 30% af heildarútlánunum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist ríkissjóður og greiði einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins, sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 30% af heildarútlánunum (verðtryggðum).